



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 29. ágúst 2023 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir og Einar Gíslason.

### **1. Félagshesthús Fáks 2023-2024**

Framkvæmdastjóri hefur kannað verð og skilmála í félagshesthúsum hjá hinum hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu og er það kynnt stjórn. Öll aðföng eins og hey og spænrir hafa hækkað mikið á undanförunum árum og umfram hækkanir á leigu í félagshesthúsinu.

Gerð er tillaga um að mánaðargjald fyrir börn- unglínga og ungmenni verði hækkað í 32.000 kr. Verð fyrir fullorðna þegar pláss er í hesthúsinu er 45.000 kr. Tillaga er samþykkt samhljóða.

Fyrir landsmót verður félagshesthúsið laust frá 15. júní.

### **2. Önnur viðhaldsverkefni á fasteignum.**

Viðhaldspörf á félagshesthúsi:

- Skipta um klæðningu að sunnan og viðhald að austan.
- Skipta um hurð út í gerði.
- Mála húsið (nema þakið).

Önnur viðhaldsverkefni sem þarf að fara í fyrir landsmót.

- Mála þarf félagshéimilið að utan (ekki þakið).
- Mála þarf Brekknaás 9
- Mála þarf fótaskoðunargám.
- Viðhald á stóra bandagerði. Fara yfir staura og hlið á gerðinu.

Framkvæmdastjóra er falið að leita tilboða og vera í samráði við formann og gjaldkera um framkvæmdir.

### **3. Nefndarstarf í vetur**

Auglýst verður eftir fólki í fræðslunefnd og útreiðanefnd.

### **4. Afnotaleyfi af túnum sunnan tjaldsvæðis**

Formaður hittir forsvarsmenn borgarinnar eftir helgi til að ræða erindi sem sent var á borgina varðandi afnotaleyfi af túnum og kerrusvæði sunnan tjaldsvæðis.

### **5. Mennta- og barnamálaráðuneyti**

Formaður ræddi við Ásmund Einar Daðason ráðherra mennta- og barnamála og ræddi við hann um starf Fáks í kringum börn og unglínga.

### **6. Landsmóts – stöðumat**

Farið er yfir verkefnastöðu fyrir Landsmót.



- Fulltrúar frá Landsmóti fóru á heimsmeistaramót og kynntu viðburðinn næsta sumar.
- Verið er að vinna markaðsefni sem byggir á sama grunni og markaðsefnið 2018.
- Búið er að hafa samband við alla helstu birgja fyrir Landsmót.
- Verið er að ræða við aðila um að sjá um markaðssetningu mótsins.
- Rætt hefur verið við aðila um að sjá um tónlistarstjórn mótsins.

## **7. Fyrirmyndafélag ÍSí**

Sigrún hefur aflað gagna frá meðal annars hestamannafélaginu Mána til að undirbúa vinnu við að Fákur verði fyrirmyndarfélag ÍSí.

## **8. Önnur mál**

Ekki var fleira rætt.

**Fundi slitið 18:22**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**